

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um tillögu til þingsályktunar um vistmorð.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvaða ráðherra hefur verið falið að fjalla um tillögu til þingsályktunar um vistmorð sem vísað var til ríkisstjórnarinnar á 152. löggjafarþingi (483. mál)?
2. Hvaða aðgerðir hefur ríkisstjórnin ráðist í og hvaða aðgerðir eru í undirbúningi til að vinna að markmiðum tillögunnar?